



Sveitarfélagið ÁRBORG

Garðaþjónusta fyrir eldri borgara og öryrkja

Í sumar, á tímabilinu 1. maí til 15. september 2018, mun Sveitarfélagið Árborg veita eldri borgurum og öryrkjum niðurgreidda garðaþjónustu. Fyrirkomulagið verður með svipuðum hætti og þegar hún var veitt fyrir nokkrum árum þ.e. framvísa þarf reikningi frá viðurkenndum verktaka og skal reikningurinn vera útgefinn í samræmi við reglur, m.a. um virðisaukaskatt. Á reikningnum skal koma fram nafn, kennitala, heimilisfang og undirskrift kaupanda garðaþjónustunnar. Einnig skal reikningurinn bera með sér í hvaða garði þjónustan er veitt.

Niðurgreidd verk eru: sláttur grasflatar, rakstur og frágangur eftir slátt s.s. að fjarlægja slægju. Snyrting limgerða og frágangur, s.s. að hreinsa upp og fjarlægja afklippur. Hreinsun beða og frágangur eftir hreinsun. Greitt er fyrir slátt að jafnaði hálfsmánaðarlega, eina limgerðissnyrtingu (limgerðissnyrting má vera frá apríl mánuði) og tvær beðahreinsanir hámark 30,000 þúsund hvor beðahreinsun á framangreindu tímabili.

Þátttaka Sveitarfélagsins er frá 40 - 50% þ.e. niðurgreiðslan tekur mið af tekjum umsækjenda. Þeir sem eingöngu hafa tekjur frá Tryggingastofnun ríkisins fá 50% endurgreitt en aðrir 40%.

Skila þarf inn upplýsingum um tekjur til starfsmanna Félagsþjónustu Árborgar. Umsækjendur geta veitt starfsmönnum heimild til að afla upplýsinga úr útsvarsskrá Sveitarfélags Árborgar. Þeir sem nú þegar hafa skilað inn sömu gögnum vegna annarrar þjónustu eru vinsamlegast beðnir að láta vita.

Ef eitthvað er óljóst vinsamlegast hafið samband við undirritaða í síma 480-1900 eða á netfangið guðlaugjona@arborg.is

Virðingarfyllst,

Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir,
félagsmálastjóri